

## **Samstarf á Austurlandi - saga Fjórðungspings Austfirðinga og Sambands sveitarfélaga á Austurlandi**

**Bókarhöfundur:** Smári Geirsson

**Bókarheiti:** Samstarf á Austurlandi – saga Fjórðungspings Austfirðinga 1943-1964 og Sambands sveitarfélaga á Austurlandi 1966-2006

**Gagnrýnandi:** Gunnlaugur Júlíusson, hagfræðingur

**Útgáfa:** Hólar og Samband Sveitarfélaga á Austurlandi, Reykjavík og Seyðisfirði 2010, 563 bls.

**Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:** „Fyrir áhugamenn um sögu sveitarfélaga er mikill fengur að slíku verki. Þarna er saman kominn á einn stað mikill fróðleikur sem ella væri óaðgengilegur í fundargerðum út og suður. Bókin er snyrtilega frá gengin og læsileg. Hún er prýdd fjölda mynda og henni fylgir ítarleg skrá yfir tilvísanir, heimildir og nöfn þeirra einstaklinga sem koma fyrir í bókinni.“

### **SAMSTARF SVEITARFÉLAGA Á AUSTURLANDI Í TÆP SJÖTÍU ÁR**

Smári Geirsson er í hópi reyndustu sveitarstjórnarmanna á Íslandi. Hann sat í fjölda ára í bæjarstjórn Neskaupstaðar og síðar í bæjarstjórn Fjarðabyggðar. Hann gegndi þar fyrir utan fjölda trúnaðarstarfa fyrir hönd sveitarfélags síns, bæði á fjórðungsvísu og einnig fyrir hönd Austfirðingafjórðungs á landsvísu og sat meðal annars sem slíkur eitt kjörtímabil í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fyrir utan að sinna starfi sínu sem skólameistari og kennari við verkmenntaskólann á Neskaupstað og sveitarstjórnarmálum þá hefur hann um langt skeið verið afkastamikill fræðimaður. Eftir hann liggja allmargar bækur þar sem hann fjallar um margvísleg málefni er tengjast hans heimabyggð. Nú nýverið hefur hann sent frá sér enn eitt verkið á þeim vettvangi sem er saga samstarfs sveitarfélaga á Austurlandi. Sú saga spannar nú rúma sex áratugi. Sökum þekkingar sinnar á viðfangsefninu og margsannaðrar ritfærni og vandaðrar fræðimennsku voru fáir betur færir til að takast á við ritun þessarar sögu heldur en fyrrnefndur Smári Geirsson. Hann hefur ritað mikla bók þar sem dregin er saman saga samstarfs sveitarfélaga á Austurlandi sem stendur yfir nær óslitið frá því um miðja síðari heimsstyrjöld.

Þessi saga skiptist í tvo meginkafla. Hinn fyrri er saga Fjórðungspings Austfirðinga sem var stofnað árið 1943. Fjórðungspingið var samstarfsvettvangur þriggja sýslna og tveggja kaupstaða. Það voru Norður- og Suður-Múlasýslur, Austur-Skaftafellssýsla, Seyðisfjörður og Neskaupstaður sem stóðu að Fjórðungspinginu. Fjórðungspingið beitti sér meðal annars fyrir sameiginlegum hagsmunamálum Austfirðinga en eitt helsta verkefni þess var að knýja fram breytingar á stjórnarskránni. Sá kafla er áhugaverð lesning í ljósi þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað á liðnum mánuðum um nauðsyn þess að endurskoða stjórnarskrána. Strax á þessum árum höfðu margir áhyggjur af þeirri byggðaröskun sem var staðreynd í landinu. Aukið héraðavald þótti mörgum vera ákveðið sóknarfæri til að sporna á móti þeirri þróun. Flytja skyldi hluta stjórnsýslunnar út um landið og draga þannig úr ofurvaldi höfuðborgarinnar og þeim forréttindum sem hún bjó við að margra mati. Hugmyndirnar gengu út á að skipta landinu upp í fimmtunga með allvíðtæku valdi um sérmál sín. Átti hver landsfjórðungur að vera einn fimmtungur með því sem næst sömu landamerki og áður og Reykjavík, Hafnarfjörður og nágrenni síðan að vera einn fimmtungur. Í bókinni er rakin saga þessarar umræðu sem fjórðungspings Austfirðinga hafði frumkvæði að árum saman. Hún er merkileg fyrir þær hluta sakir að þarna var ekki látið nægja að harma ákveðna þróun heldur var einnig og ekki síður verið að leita leiða til að snúa henni við. Fjórðungspingið gaf út bækling árið 1949 þar sem lögð voru drög að nýrri stjórnarskrá. Þar var m.a. lagt til að landinu yrði skipt í sex fylki. Fróðlegt er að rifja það upp að árið 1959 lagði pingið til að efnt yrði til sérstaks stjórnlagabings sem hefði það hlutverk að setja lýðveldinu nýja stjórnarskrá.

Fjórðungspingið beitti sér einnig fyrir mörgum hagsmunamálum fyrir fjórðunginn, svo sem í samgöngumálum, atvinnumálum, raforkumálum og mennta- og menningarmálum. Starf Fjórðungspings Austurlands fjaraði hins vegar smám saman út og var því formlega lokið árið 1964. Tveimur árum síðar voru Samtök sveitarfélaga á Austurlandi stofnuð og lifa þau góðu lífi enn þann dag í dag. Sú breyting varð að aðilar að samtökunum voru öll sveitarfélög, smá og stór, í Austfirðingafjórðungi. Var stofnun samtakanna í takti við það sem gerðist annars staðar á landinu. Megináhersla samtakanna hefur verið starf að framfaramálum í fjórðungnum ásamt almennri hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin og íbúa þeirra. Minna hefur farið fyrir byltingarkenndum hugmyndum á við að umskrifa stjórnarskrá landsins. Fróðlegt er fyrir áhugafólk um samfélagssögu og sveitarstjórnarmál að kynna sér það fjölþætta starf sem farið hefur fram á vegum samtakanna á þeim

árum sem þau hafa starfað. Gatnagerðarátakið er eitt dæmi um grettistak sem sveitarfélögin lyftu sameiginlega á Austfjörðum eins og víða annars staðar. Lagning bundins slitlags á götur í þéttbýliskjörnum landsbyggðarinnar breytti lífsgæðum íbúanna gríðarlega. Yfirbragð samfélaganna varð allt annað og betra. Mörg önnur viðfangsefni hafa samtök sveitarfélaga látið sig varða. Atvinnumálin voru alltaf ofarlega á baugi. Samgöngumál og ferðamál eru samvinnuð enda var þeim sinnt af miklum krafti. Fræðslumálin voru verkefni sem miklu varðaði að vel væri unnið að. Stofnun Fræðsluskrifstofu Austurlands var stórt skref á þeirri braut. Þrátt fyrir að ágreiningur væri um staðsetningu skrifstofunnar stóðu sveitarfélögin þétt að baki henni og hefur hún eflst og dafnað allt frá stofnun hennar. Á seinni árum hafa Samtök sveitarfélaga á Austurlandi látið sig menningarmál í fjórðungnum miklu skipta og er uppskeran m.a. samningur um menningarmál sem gerður var við menntamálaráðuneytið árið 2001.

Ekki eru tók á að gera þessu mikla og fróðlega riti lengri skil. Fyrir áhugamenn um sögu sveitarfélaga er mikill fengur að slíku verki. Þarna er saman kominn á einn stað mikill fróðlegur sem ella væri óaðgengilegur í fundargerðum út og suður. Bókin er snyrtilega frá gengin og læsileg. Hún er prýdd fjölda mynda og henni fylgir ítarleg skrá yfir tilvísanir, heimildir og nöfn þeirra einstaklinga sem koma fyrir í bókinni.